

Sp.

1028. Þingsályktun

[186. mál]

um einangrun húsa.

(Afgreidd frá Sp. 21. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rækilega könnun varðandi einangrun útveggja húsa, einangrunaraðferðir, kosti þeirra og galla.

Skulu Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annast könnun þessa og birta niðurstöður sínar sem fyrst.